

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008, svæði austan við Skansinn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin varðar landnotkun austan við Skansinn þar sem óbyggðu svæði og útivistarsvæði og iðnaðarsvæði er breytt í svæði opinberra stofnana/félagsheimili.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður A. Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

I. KAFLI

Um fráveituna.

2. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu. Sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengirein á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengireina.